

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1911.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 20. nóvember 1911 (A nr. 60, bls. 314—315).

Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi. 132

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Kristjáni Torfasyni kaupmanni á 28. nóv. Sólbakka við Önundarfjörð, um að honum verði leyft að flytja hér í land hund, sem kom hingað á þýzku botnvörpuveiðagufuskipi.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56, 10. nóvbr. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land, og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
2. að hundinum sé haldið í sóttkvi, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis, í 35 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum kaupmanni hefir verið tilkynnt leyfi þetta héðan.

Bréf stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um framkvæmd áfengisbannlaganna. 133

Stjórnarráðið skal hérmeð vekja athygli yðar á því, herra sýslumaður, 2. des. að 1. janúar 1912 ganga lög nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi, að mestu leyti í gildi, svo að frá þeim degi er lagt lögbann á aðflutning til landsins af hverskonar áfengi sem er.

Um einstök ákvæði laganna skal þetta tekið fram:

Þar sem svo er í 5. gr. ákveðið meðal annars, að skipstjóri megi ekki »veita« öðrum en skipverjum áfengi, þá má ekki skilja þetta svo, að skipstjóri megi ekki hafa gesti í boði, og veita þeim jafnframt áfengi, meðan að hver sem vill getur veitt áfengi í landi.

Útaf 6. gr. laganna eruð þér beðinn að benda hreppstjórum í lögsagnarumdæmi yðar á ákvæði greinarinnar um meðferð á áfengi, sem flyzt á land af strönduðum skipum eftir 1. jan. næstkomandi.

Eftir 10. gr. verðið þér að rannsaka áfengisbirgðir þeirra manna, sem vin-söluleyfi eða vinveitingaleyfi hafa, jafnskjótt sem lögín öðlast gildi. Jafnframt